

10. febrúar 2020.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

### **MINNISBLAÐ – Rithöfundaheimsókn, mál 2001364**

Einar S. Hálfánarson lögfræðingur sendir fræðsluráði Hafnarfjarðar erindi, dagsett 13. janúar 2020, þar sem hann kvartar undan ummælum Gunnars Helgasonar rithöfundar sem hann viðhafði opinberlega á RÚV að hans sögn. Þessi ummæli snéru að því sem Gunnar á að hafa sagt að hann hefði rætt um í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þar segir í erindi hans: „*Níunda grein samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis fjalla um hugsana-, samvisku- og trúfrelsi. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur margsinnis dæmt að skoðanainnrétting á börnum (indoctrination) fari í bága við samninginn. Það er ekki til fyrirmyndar að Hafnarfjarðarbær heimili einhliða skoðanamyndunandi fræðslu sem beinist gegn einu fremsta lýðræðisríki heimsins...*“. Fyrir vikið ætti fræðsluráð Hafnarfjarðar að taka málefnið til skoðunar og beina því til Gunnars að hann ætti ekki fara fram með skoðanainnrætingu í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Til að skýra samhengið er það algengt og eðlilegt að bjóða rithöfundum í grunnskóla til að kynna sig og bækur sínar. Hver skóli getur leitað til rithöfunda í því skyni. Í stöku tilvikum getur verið ákvörðun um að bjóða öllum skólum rithöfundaheimsókn. Það á líklega við í þessu tilviki því að skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs bauð Gunnari Helgasyni rithöfundi að heimsækja alla grunnskóla bæjarins haustið 2019 í tengslum við Bóka- og bíóhátíð bæjarins. Tilefni heimsóknarinnar var að kynna nemendum heim bókarinnar og bauð Gunnari Helgasyni, sem eftirsóknarverðum barnabókarrithöfundi sem býr í Hafnarfirði, að kynna sig og bækur sínar nemendum í 5.-7. bekk (10-12 ára nemendur). Umrætt erindi gæti tengst þessum heimsóknum en þarf samt ekki endilega að gera það. Engar kvartanir né athugasemdir hafa borist frá stjórnendum né öðru starfsfólki skólanna vegna heimsókna hans en að sama skapi ánægja með umræddar heimsóknir.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs óskaði viðbragða Gunnars Helgasonar við umræddu erindi. Fram kom í svari hans að hann teldi sig ekki hafa sagt neitt óeðlilegt eða vera með áróður gagnvart einu ríki, Bandaríkjunum í þessu tilviki. Meginsjónarmið hans var að hann var að ræða bækur sínar og bjóða upp á umræðu um þær. Það leiðir gjarnan til umræðu sem tengist veruleika barna og þau opna á. Í því tilviki gæti hafa komið upp umræða í einstaka skólum sem tengdist umræðu úr

fjölmiðlum þar sem innflytjendastefna Bandaríkjanna kom til tals og hlutur barna í því samhengi. Gunnar telur sig alls ekki hafa verið að halda erindi gegn Bandaríkjunum eða ræða slík mál og taldi sig vísa þar á aðra, þ.e. kennara, til að ræða þau mál ef börnin vildu það. Gunnar neitar því að hann hafi viðhaft einhverja skoðanainnrætingu í umræddum skólaheimsóknum en ef þessi umræða kæmi upp tengdist bókum hans.


### Umræða og niðurstaða:

Það er sjónarmið skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs að ekkert óeðlilegt virðist hafa átt sér stað í tengslum við heimsóknir Gunnars Helgasonar í grunnskóla Hafnarfjarðar. Hann hafi ekki verið fenginn til að ræða pólitísk málefni eða til að vera með áróður. Umræða innan skólanna staðfestir að þar er ánægja með framlag Gunnars í Bóka- og bíóvikunni umræddri. Sömu leiðis er ekki ólíklegt að málefni líðandi stundar geti komið til umræðu í rithöfundaheimsóknum í skóla líkt og bent hefur verið á að gerðist í einhverjum skólaheimsóknum. Það er hið eðlilega í stöðunni að málefni daglegs lífs, í þessu tilviki fréttir úr fjölmiðlum, komi til umræðu í skólastarfi án þess að álíta að einhver skoðanainnræting eigi eða geti átt sér stað. Skólastarf verður að vera opinn vettvangur, þar geta komið til umræðu málefni líðandi stundar og þau rædd á gagnrýninn hátt. Sömu leiðis að geta tekið til umræðu sjónarmið og áhyggjur barna. Hlutverk grunnskólans er að styðja við þróun og þroska nemenda til að lifa og starfa sem sjálfstæðir, virkir einstaklingar í lýðræðissamfélagi. Ummæli Gunnars Helgasonar í umræddum þætti voru óheppileg og ekki í samræmi við það sem skólasamfélagið upplifði af heimsóknum hans.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs sendir Gunnari afrit af minnisblaði þessu.

Það er niðurstaða skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs að það sé ekki tilefni til að bregðast frekar við.

Virðingarfyllt,



Fanney Dórothe Halldórsdóttir  
Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusvið

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla